



Fundargerð

228. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 23. ágúst 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skýrsla framkvæmds stjóra
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

a) Fram er lögð bókun Bæjarráðs frá 3. júlí 2017 vegna svars Orkustofnunnar vegna erindis Fljótaldshéraðs, dags. 24.02.17, en Bæjarráð lýsir furðu sinni yfir þessari niðurstöðu en beinir því til stjórnar Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. að skoðað verði að fyrirtækið sem raforkukaupandi kæri gildandi gjaldskrá til úrskurðarnefndar.

Stjórn HEF ehf. er sammála um að kæra málið til úrskurðarnefndar enda er málið mjög ósanngjarnt gagnvart rekstri og uppbyggingu iðnarsvæðisins norðan Fellabæjar. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

b) Umsögn um drög að fráveitureglugerð: Stjórn HEF ehf. leggur til við bæjarráð Fljótaldshéraðs að það setji fram umsögn drög að fráveitureglugerð.

c) Ráðgjafaráð veitufyrirtækja, ósk um tilnefningu fulltrúa HEF ehf. Samþykkt að framkvæmdastjóri taki sæti í ráðinu.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

a) Lagt er fram uppgjör vegna endurbyggingar götu við Fénaðarklöpp en kostnaður HEF ehf. er um 9,5 millónir króna.

b) Fram er lagður útreikningur á borverkefnum undir götur sem Línuborun framvæmdi. Ekki tókst að bora undir Eyvindarána í þetta skiptið.

c) Framkvæmdin við veginn við Urriðavatn gengur ágætlega og búið að leggja niður 600 metrar af PEX hitaveituröri ásamt ljósleiðara.

3. Önnur mál

- a) Fyrirspurnir um ýmis mál sem framkvæmdastjóri svaraði.
- b) Gunnar spurði um framkvæmd samnings vegna ljósleiðarmála. Málið tekið upp á næsta fundi.
- c) Skúli spurði um framgang mála varðandi Iðavallavatnsveituna. Verkinu var frestað í fyrra vegna skorts á lausum verktökum og á frágengnum samningum um tengigjöld.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:45

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson